

Ed.

805. Breytingartillögur

[187. mál]

við frv. til lögréttulaga.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Við 1. gr. Ný málsgrein bætist við, er verði 2. mgr. og orðist svo:
Regluleg dómþing skulu haldin utan Reykjavíkur og Akureyrar, þar sem þörf krefur.
2. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
Dómsmálaráðherra ákveður að fengnum tillögum viðkomandi lögréttu, hvaða daga, hvar og hvenær dags halda skuli dómþing, og skal þar m. a. kveðið á um þingleyfi. Aukadómþing í Reykjavík og á Akureyri ákveður formaður dóms. Dómsmálaráðherra setur fyrirmæli um regluleg dómþing utan Reykjavíkur og Akureyrar, sbr. 2. mgr. 1. gr. Dómsformaður getur ákveðið, að einstök þing skuli háð utan þessara staða og að þar skuli farið með tiltekið mál eða hluta þess. Þeirri ákvörðun má hrinda með meiri hluta atkvæða í dómi. Ákvarðanir ráðherra um efni þessarar greinar skal birta með auglýsingu í Lögbirtingablaði.